

103. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs
10. 4. 2019 kl. 8:15 – 09:45

Fundur settur kl. 8:15

Fundarstjóri: Kristín Hermannsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Kristín Hermannsdóttir, Vilhjálmur Magnússon, Ragnhildur Jónsdóttir, Þorvarður Árnason, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir. Fjarverandi: Eyjólfur Guðmundsson, Hrafnkell Guðnason, Olga Ingólfssdóttir, Bjarni Guðmundsson

1. Rekstur Nýheima þekkingarseturs

Hugrún Harpa fór yfir minnisblað forstöðumanns um rekstur Nýheima þekkingarseturs, framhald varð af umræðu síðasta fundar um málið. Stjórn hefur á fundum sínum rætt um mannaflapörf setursins og í því samhengi fjárhagslegar forsendur til ráðningar. Fjöldi og umfang verkefna setursins kalla á aukinn mannafla en því miður styður fjárhagur ekki ráðningu að sinni. Mikilvægt er að grunnfjármagn setursins verði aukið svo unnt verði að sinna þeim verkefnum sem samþykktir setursins kveða á um. Forstöðumanni er falið að undirbúa erindi til Mennta- og menningarmálaráðneytis vegna endurnýjunar samnings.

2. Tillögur um skipan í embætti stjórnar á ársfundi NP

Stjórn kom sér saman um tillögu að skipan í embætti nýrrar stjórnar á ársfundi.

3. Fulltrúi Nýsköpunarmiðstöðvar í stjórn NP

Hugrún greindi frá erindi sem barst frá fulltrúa Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um brotthvarf fulltrúa NMÍ úr stjórn Nýheima þekkingarseturs. Forstöðumanni falið að óska eftir formlegu erindi frá NMÍ vegna þessa.

4. Önnur mál

Umræður sköpuðust um tengingar á Nýtorgi við fyrirlestrahald, Hugrún Harpa mun ræða málið í hópi húseigenda.

Kristín benti á að árshátíð Nýheima verður haldin 11. maí og hvetur alla til að skrá sig hjá Sædísí hjá Fræðslunetinu.

Fundi slitið klukkan 9:45

Kristín Hermannsdóttir
Hugrún Harpa Reynisdóttir